



Reykjavík, 13. mars 2014

Niðurstaða athugunar á starfsemi Virðingar hf.

Hinn 26. febrúar 2013 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið almenna athugun á starfsemi Virðingar hf. Rétt er að geta þess að athugunin beindist að Virðingu hf. áður en félagið sameinaðist Auði Capital hf. í febrúar 2014 undir nafni Virðingar hf. Athugunin tók til stjórnarháttá, regluvörslu, fjárfestaverndar, aðgerða gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka, eignastýringar, markaðsviðskipta og upplýsingatækni. Í kjölfar athugunarinnar ritaði Fjármálaeftirlitið skýrslu þar sem fram komu athugasemdir, ábendingar og kröfur um úrbætur. Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins byggðu á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðast við stöðu mála hinn 20. desember 2012.

Helstu athugasemdir Fjármálaeftirlitsins varðandi þá þætti sem voru til skoðunar eru:

Fjármálaeftirlitið telur að Virðing þurfi að taka til heildarendurskoðunar eftirlit með peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Að því er varðar stjórnarhætti taldi Fjármálaeftirlitið að félagið þyrfti að skerpa á lýsingu ábyrgðasviða stjórnenda félagsins og heimildum til ákvarðanatöku. Einnig voru gerðar athugasemdir við að innri reglur félagsins skorti almennt staðfestingu stjórnar eða stjórnenda.

Fjármálaeftirlitið taldi nokkuð skorta á að viðskiptavinir væru upplýstir um rétt þeirra til að falla í annan flokk fjárfesta. Þá var gerð athugasemd við að ekki var haldin sérstök skrá yfir alla samninga viðskiptavina.

Gerð var athugasemd við misræmi í upplýsingagjöf til viðskiptavina eignastýringar annars vegar í markaðsefni og hins vegar í stöðluðu formi um fjárfestingarstefnur.

Fundið var að því að ekki er til staðar listi yfir þá markaði sem félagið framkvæmir viðskiptafyrirmæli viðskiptavina sinna á.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn Virðingar hf. að hún fæli innri endurskoðanda félagsins að yfirfara úrbætur í kjölfar athugunarinnar og skila skýrslu til Fjármálaeftirlitsins í apríl 2014.